

Verkefni: Stjórnarfundur Gíggunnar
Dagsetning fundar: 11. september 2008
Tímasetning fundar: kl. 17:15 - 19:15
Fundarstaður: Amokka, Borgartúni Reykjavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Formaður	Mætt
Dagbjört Sigurbergisdóttir (DS)	Varaformaður	fjarverandi
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Puríður Pétursdóttir (PP)	Gjaldkeri	Mætt
Porgerður Valdimarsdóttir (PV)	Meðstjórnandi	Mætt
Margrét Bóasdóttir (MB)	Verndari	Fjarverandi
Aðalheiður Gunnarsdóttir	Varamaður	Mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Framlagðir ársreikningar fyrir aðalfund**

PP gjaldkeri leggur fram reikninga fyrir komandi aðalfund. Útlagður kostnaður reikningsársins er hærri en tekjur, en skýring þess er nýlegur samningur við Greind vegna vefseturs Gíggunnar. PP mun vinna reikninginn áfram og láta endurskoðendur Gíggunnar fara yfir ársreikningana og samþykkja þá formlega.

2. Umsókn Íslenska Kvennakórsins í Kaupmannahöfn um aðild að Gíggunni

Umsókn barst 25. ágúst 2008 frá Íslenska kvennakórnum í Kaupmannahöfn um aðild að Gíggunni. Formaður kórsins Guðrún Snorradóttir sendi inn umsóknina. Stjórnandi kórsins er Sigríður Eyþórsdóttir. Umsóknin var tekin fyrir og hún samþykkt einróma, kórinn er boðinn hjartanlega velkominn í Gígguna. Íslenska kvennakórnum í Kaupmannahöfn verður sent formlegt svarbréf í tölvupósti, upplýsingum um kórinn verður komið fyrir inn á vefsetrinu undir linknum "Aðildarkórar" og fulltrúar kórsins settir á póstlista Gíggunnar. HG mun sjá um það. Málið er í vinnslu.

3. Aðalfundur Gíggunnar verður haldinn 18. október 2008

Fundurinn verður haldinn í Domus Vox, Laugavegi 116 þann 18. október kl 17-19. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum Gíggunnar. Undir liðnum „Önnur mál“ flytur Helgi Gunnarsson fjármálastjóri UMFÍ fræðsluerindið "Hlutverk stjórna í kórum - í þeim tilgangi að efla starf kvennakóra í landinu". Stjórnin skipti með sér verkum varðandi skipulag og undirbúning fundarins. PV sendir út fundarboð (í umslagi) til aðildarkóra fyrir 19. september. Stjórnarkonur munu hringja út í formenn aðildarkóra Gíggunnar fyrir 30. september til að fylgja eftir Jólalagi Gíggunnar 2008, ítreka þátttöku á aðalfundi og auglýsa eftir nýjum stjórnarkonum, en SÓ og HG ganga nú úr aðalstjórn og einnig vantar þrjár konur í varastjórn. Einnig til að minna á vefsetrið og óska eftir fréttum af starfi aðildarkóra. HG mun gera frétt um aðalfundinn fyrir vefsetrið og senda tölvupóst á stóra póstlistann til þess að minna á fundinn og fræðsluerindið.

4. Skipulagsskrá Tónverkasjóðs Gíggunnar

PP lagði fram tillögu að skipulagsskrá Tónverkasjóðs Gíggunnar. Farið var yfir tillöguna og hún samþykkt. PV mun bera tillöguna undir lögfræðing til að tryggja sé að plaggið uppfylli lögformleg skilyrði. Ákveðið var að senda þessa tillögu með fundarboðinu um aðalfundinn og taka hana svo til formlegrar umræðu og atkvæðagreiðslu á aðalfundinum.

5. Samþykki tónskálda fyrir því að landsmótslög verði á læstu vefsetri Gíggjunnar

SÓ hefur haft samband við öll tónskáldin og samþykki liggur nú fyrir. SÓ mun ljúka við vinnslu málsins en eftir er að ganga frá þessu skriflega við höfundana.

6. Heiða skilar kveðju frá Margréti Bóasdóttur verndara sambandsins

Margrét Bóasdóttir undirbýr nú Kórastefnu á Mývatni sem fram fer 4. - 7. Júní 2009. Mótið verður í annað sinn tileinkað kvennakórum og hefur Kvennakór Reykjavíkur þegar tilkynnt þátttöku. Fengin verður kórstjóri erlendis frá til að vera með innlegg. Enn er pláss fyrir u.þ.b. 120 konur á mótinu sem þýðir að 1-2 kórar geta enn verið með. Kórastefnan verður nánar auglýst á vefsetrinu fljótlega og aðildarkórum sendur tölvupóstur með nánari upplýsingum um hana.

7. Styrkur Reykjavíkurborgar til menningarmála

Reglur vegna þessa hafa verið yfirfarnar, umsóknarfrestur er til 1. október næst komandi. Ákveðið var að sækja ekki um þar sem reglur kveða á um styrkveitingar til menningarstarfsemi í Reykjavík en Gígjan er landssamband og aðildarkórar af landinu öllu, því eru líkur á styrk ekki miklar.

8. Tónverk Gíggjunnar 2009

ÞP lagði fram tillögu um að næsta tónverk sem Gígjan stendur að verði í tengslum við alþjóðadag kvenna, 8. mars. Ákveðið var að leita til Elínar Gunnlaugsdóttur tónskálds, en HG hafði samband við Margréti J. Pálmadóttur kórstjóra Vox Feminae varðandi umfang verksins. Rætt er um að gaman væri ef lagið yrði samið við ljóð íslenskrar konu og eru nokkur íslensk kvenljóðskáld nefnd í því sambandi, m.a. Vilborg Dagbjartsdóttir. HG munu vinna málið áfram og hafa samband við tónskáldið. Málið er í vinnslu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:15.

Ritari fundargerðar: Þorgerður Valdimarsdóttir.